

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	7.7.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Guðríður Friðriksdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Jón S. Hansen	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik kom í eftirlitinu.

- Ryk í útblæstri (2020) mældist 239 mg/Nm3.
- Útblásturshraði er undir 20 m/s (+/- 10%).
- Mælingar á olíu í frárennsli hafa ekki borist.
- Ofanvatn malbikunarstöðvarinn er ekki leitt í regnvatnskerfi Akureyrarbæjar.
- Grænt bókhald vegna 2020 hafði ekki borist þegar komið var í eftirlit en skiladagur vegna þess er 1. maí sl. Gögnin bárust 18. ágúst sl. og því er frávikinu lokað.
- Útblástursmælingar vegna 2020 bárust ekki fyrr en í júlí 2021. Gögnin bárust 18. ágúst sl. og því er frávikinu lokað.

Þrjár ábendingar eru gerðar.

- Rekstraraðili skal uppfæra lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyrir stöðinni og sendi afrit af listanum á Umhverfisstofnun.
- Bent er á kröfu í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Senda skal Umhverfisstofnun afrit af þeim þrýstiprófunum sem gerðar eru á niðurgröfnum olíulögnum og þykktarmælingar á olíugeymum.
- Senda skal Umhverfisstofnun afrit af uppfærðum áætlunum sem eiga að liggja fyrir í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

- Farið yfir kröfur í starfsleyfi:
 - áætlanir, mælingar, skýrslur (og gagnaskil), tilkynningar og skráningar rekstraraðila
- Frávik og ábendingar síðustu ára
- Verndarsvæði Glerárgils, hliðrun efnishauga og geyma í stöðinni.
- Olíugeymar / bikgeymar á hafnarsvæði, deiliskipulagsnúmer 19.24, kröfur til olíugeyma
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun verksmiðjunnar og lóð.

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum malbikunarstöðvarinnum við Súluveg, að loknum fundi var farið í skoðunarferð um lóð malbikunarstöðvarinnum og asfaltgeymir stöðvarinnum við höfnina skoðaður.

Á fundinum voru mættir Jón S Hansen og Arnór Þorri Þorsteinsson frá Akureyrarbæ og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1. Í starfsleyfi er gerð krafa um að þrjár skriflegar áætlanir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri. Rekstraraðili á þessar áætlanir en er að uppfæra þær og mun senda afrit af uppfærðum áætlunum til Umhverfisstofnunar nú í ágúst.

Mælingar í útblæstri sem VERKÍS framkvæmdi fyrir rekstraraðila þann 13. október 2020 og hafa nú borist sýna að ryk var þá 239 mg/Nm3 sem er yfir þau losunarmörk (50 mg/Nm3) sem sett eru í starfsleyfi. Útblásturshraði sem skal að lágmarki vera 20 m/s (+/- 10%), náið ekki starfsleyfiskröfum. Útblásturshraði í mælingu þann 13. október sl. var 16,6 m/s. Þetta eru frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Niðurstöður á mælingu á olíu í yfirborðsvatni vegna starfseminnar við Súluveg hefur ekki borist en olía í frárennsli (aftan olíuskilju) má að hámarki vera 15 mg/kg og gert er ráð fyrir að frárennsli frá yfirborðsvatni sé veitt í regnvatnskerfi sveitarfélagsins. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Enn rennur afrennsli frá malbikunarstöðinni í gegnum olíuskilju og þaðan út í tjörn neðar í brekkunni og áfram út í Glerá.

Tvenn gagnaskil eru áskilin í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum eftirlitsmælinga fyrir lok þess árs sem mælingarnar eru framkvæmdar, og grænu bókhaldi hvers árs skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí næsta ár á eftir.

Eftirlitsmælingar í útblæstri vegna 2020 bárust ekki fyrr en nú í júlí og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi og grænt bókhald vegna 2020 hafði enn ekki borist þegar komið var í eftirlit. Það er líka frávik frá kröfum í starfsleyfi.

2. Engin opin eftirfygnimál vegna malbikunarstöðvarinnar.

Í júlí 2019 var eftirfygnimáli (UST201905-339) lokað en það var stofnað vegna þess að grænt bókhald fyrir árið 2018 hafði ekki borist.

Eins var stofnað eftirfygnimál (UST201806-357) vegna stöðvarinnar á árinu 2018 og snéri það að ryki í útblæstri og vegna þess að akstursleiðir voru ekki lagðar bundnu slitlagi.

3. Kröfur eru uppi um að vinnusvæði Malbikunarstöðvar Akureyrar sé fært fjær gilbarmi við verndarsvæði Glerár í samræmi við deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var af Bæjarstjórn Akureyrar þann 15. september 2009. Fulltrúar rekstraraðila sýndu eftirlitsaðila stöðu framkvæmda en aðstaðan mun færast framar á lóðinni og er unnið að gerð manar og lagningu göngustígs á gilbarminum. Enn er þó nokkuð í að framkvæmdir klárist.

4. Farið var fram á að rekstraraðili uppfærði lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyrir stöðinni og sendi afrit á Umhverfisstofnun.

5. Farið var yfir áhættumat um tilöni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

6. Útblástursmæling vegna 2021 var gerð í júlí sl. Niðurstöður verða sendar Umhverfisstofnun í ágúst.

Enn er bent á kröfu um tengingu malbikunarstöðvarinnar við regnvatnskerfi Akureyrarbæjar. Í grein 3.11 segir: „Starfsleyfið gerir ráð fyrir að frárennslí frá yfirborðsvatni vegna starfseminnar að Súluvegi sé veitt í regnvatnskerfi sveitarfélagsins. Nota skal olíuskilju við hreinsun frárennslis. Heimilt er að nota olíuskilju af gerð II, miðað við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis“.

Engin mengunarhöpp hafa orðið á síðustu árum og engar kvartanir vegna starfseminnar. Stöðin var skoðuð og framkvæmdir við hliðrun stöðvarinnar og gerð manar og göngustígs meðfram malbikunarstöðinni. Einnig var asfaltgeymir á hafnarsvæðinu skoðaður. Ekki eru gerðar athugasemdir.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 3.5 í starfsleyfi

Útstremishraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s (+/- 10%).
Í júlí 2021 mældist útblásturshraði 17,5 m/s.

ákvæði í grein 3.11 í starfsleyfi

Starfsleyfið gerir ráð fyrir að frárennslí frá yfirborðsvatni vegna starfseminnar að Súluvegi sé veitt í regnvatnskerfi sveitarfélagsins. Enn rennur ofanvatn frá stöðinni í tjörn neðar í brekkunni og þaðan út í Glerá.

ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi

Grænt bókhald vegna 2020 hafði ekki borist þegar komið var í eftirlit, en skilafrestur á því er 1. maí hvert ár.
Grænt bókhald fyrir 2020 barst 18. ágúst sl.
Frávinu er því lokað.

ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi

Ljúka skal mælingum og skila þeim til Umhverfisstofnunar fyrir lok hvers árs.
Útblástursmælingar vegna 2020 bárust 7. júlí 2021. Frávinu er lokað.

ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi

Losunarmörk starfsleyfis fyrir ryk í útblæstri er 50 mg/Nm³
í mælingum ársins 2020 mældist ryk 239 mg/Nm³

Losunarmörk starfsleyfis fyrir kolmónoxíð eru 500 mg/Nm³
í mælingum ársins 2021 mældist kolmónoxíð 1394 mg/Nm³

ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi

Árlega skal mæla olíu í fráveituvatni en oftar ef þörf er á.
Niðurstöður mælinga á olíu í frárennslí hafa ekki borist eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra skrá yfir olíugeyma (neyslu-, húsa- og lausageyma) í stöðinni. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fær afrit af gögnunum.
2. Rekstraraðila er bent á kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Senda skal Umhverfisstofnun afrit af þeim þrýstiprófunum sem gerðar eru á niðurgröfnum olíulögnum og þykktarmælingar á olíugeymum.
3. Rekstrraðili skal uppfæra skriflegar áætlanir sem liggja eiga fyrir í stöðinni og senda afrit á efirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.09.2021



Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4